

120.fundur skólanefndar 25.apríl kl.17:00 í Ráðhúsi Stykkishólms.

Mættir:Hrafnhildur Hallvarðsdóttir formaður, Jóhanna Ríkharðsdóttir fulltrúi, Sigurður Þórarinsson fulltrúi, Jóhanna Ríkharðsdóttir fulltrúi og Anna Lís Hassing fulltrúi.

Formaður setti fund klukkan 17:00.

1. Skýrsla um ytra mat á Grunnskólanum í Stykkishólmi

Aðeins eitt mál var á dagskrá fundarins þessu sinni en það var umræða um nýútkomna skýrslu um ytra mat sem framkvæmt var á Grunnskólanum í Stykkishólmi. Matið framkvæmdu Gunnar Kristjánsson og Óskar J. Sandholt á tímabilinu janúar til apríl 2012 og fór gagnaöflun á vettvangi fram dagana 13.-16. febrúar 2012. Svo vitnað sé í skýrsluna þá er markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum samkvæmt 35. grein laga um grunnskóla nr. 91/2008 að:

1. Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda,
2. tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla,
3. auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
4. tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum (Lög um grunnskóla, 2008).

Ennfremur segir í skýrslunni að með ytra mati er unnið að öllum þessum markmiðum og lögð sérstök áhersla á að efla og styðja innra mat og gæðastjórnun skóla, styðja skóla, stjórnendur og kennara í umbótum á eigin starfi, hvetja kennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti og vera skólum hvati til frekari skólaþróunar.

Fundarmenn ræddu skýrsluna og var einróma álit að gott væri að fá þessa skýrslu í hendurnar til að halda áfram að byggja upp gott skólastarf í Stykkishólmi. Formaður benti á að þarna væru ekki aðeins ábendingar til skólastjórnenda og kennara heldur einnig til bæjarstjórnar, skólanefndar og foreldra barna við grunnskólann.

Næsti fundur skólanefndar er 16.maí kl. 17

Fundi slitið klukkan 18:00

Fundargerð ritaði Hrafnhildur Hallvarðsdóttir

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir formaður (sign),

Anna Lís Hassing (sign),

Jóhanna Ríkharðsdóttir (sign),

Sigurður A. Þórarinsson (sign).